

Nefndasvið Alþingis
Utnaríkismálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. júní 2009

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um tillögur til þingsályktunar er varða aðild að Evrópusambandinu (38. og 54. mál).


Á síðasta þingi Neytendasamtakanna sem haldið var 19.-20. september sl. var samþykkt svohljóðandi ályktun um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu: „Þing Neytendasamtakanna telur tímabært að við látum reyna á það með aðildarviðræðum hvort hægt sé að ná viðunandi samningum í málum er varða sjávarútveg og landbúnað. Ljóst er að hagsmunir heimilanna í þessu máli eru það miklir að ekki er ástæða til bíða lengur að láta reyna á þessa þætti með aðildarviðræðum. Það yrði að sjálf-sögðu þjóðin sem tæki lokaákvörðun um ESB aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar samningar liggja fyrir.”

Að mati Neytendasamtakanna hafa neytendur mikilla hagsmuna að gæta varðandi aðild að ESB. Evrópufræðasetrið á Bifröst vann á síðasta ári skýrslu fyrir Neytendasamtökin undir heitinu „Hverju myndi ESB aðild breyta fyrir íslenska neytendur?“. Niðurstaða skýrslunnar var m.a. sú að verðlag hér á landi, sérstaklega á matvælum, myndi lækka verulega auk þess sem vextir myndu lækka töluvert. Sjá nánar fréttatilkynningu og skýrslu á heimasíðu Neytendasamtakanna.

Í ljósi þess ástands sem hér hefur skapast í kjölfar bankahrunsins telja Neytendasamtökin brýnt að leitað verði eftir aðildarviðræðum eins fljótt og kostur er.

Skýrslan ásamt fréttatilkynningu verður send í prentuðu formi ásamt frumriti þessa bréfs.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður

Reykjavík 10. apríl 2008

Fréttatilkynning

Hverju myndi ESB aðild breyta fyrir íslenska neytendur?

Evrópufræðasetrið við Háskólann við Bifröst hefur unnið skýrslu fyrir Neytendasamtökin „Hverju myndi ESB aðild breyta fyrir íslenska neytendur?“ Í skýrslunni eru skoðaðir kostar og gallar og þeir metnir út frá hagsmunum íslenskra neytenda.

Helstu niðurstöður eru:

- Með aðild að ESB yrði Ísland um leið aðili að tollabandalagi ESB. Því myndu þeir tollar sem enn eru milli Íslands og ESB landanna falla niður og munar þar mestu um landbúnaðarvörur. Þetta myndi skila sér í lægra verði á þessum vörum. Tollar gagnvart ríkjum utan ESB gætu í sumum tilvikum hækkað.
- Með aðild að tollabandalaginu myndu netviðskipti við fyrirtæki innan ESB verða ódýrari og einfaldari. Slíkt myndi auka samkeppni gagnvart ýmsum innlendum fyrirtækjum.
- Ljóst er að samhliða aðild þyrfti að endurskipuleggja íslenskan landbúnað á sama hátt og Svíar og Finnar gerðu áður en þessi lönd gengu í ESB. Draga þyrfti úr stuðningi við íslenskan landbúnað en nú er sá stuðningur með því hæsta sem gerist. Það er hins vegar ljóst að við eigum góða möguleika að ná samningum varðandi stuðning við innlendan landbúnað miðað við þá samninga sem Finnar náðu fram, þar sem allt Ísland fellur undir skilgreiningu um landbúnað á harðbýlu svæði eða heimsskautalandbúnað. Vegna þessa eru möguleikar á að fá meiri styrki til íslensks landbúnaðar frá ESB en lönd sunnar í álfunni fá. Einnig er mögulegt að íslensk stjórnvöld fengju heimild til að styrkja landbúnað sinn meira en gildir um önnur lönd innan ESB.
- Talið er að matvælaverð geti lækkað um allt að 25% með inngöngu Íslands í ESB.
- Með aðild að myntbandalagi ESB má gera ráð fyrir að vextir á íbúðarlánum myndu lækka töluvert. Erfitt er hins vegar að segja til um hve mikil sú lækkun yrði. Minnt er á að hvert prósentustig hefur mikla þýðingu fyrir heimilin.

- Með aðild að ESB og myntbandalaginu myndi viðskiptakostnaður lækka og ætti slíkt að leiða til lægra vöruverðs.
- Ætla má að með aðild myndu viðskipti og fjárfestingar erlendra aðila aukast hér á landi og þar með yrði samkeppnin meiri.
- Með aðild að ESB myndu Íslendingar geta sótt í ýmsa sjóði sem ekki er mögulegt í dag. Þar má nefna styrki til landbúnaðar og til byggðamála. Einnig yrði samstarf við lönd ESB öflugra á ýmsum sviðum eins og í mennta- og menningarmálum, rannsóknum og félagsmálum.

Rétt er að taka fram að Neytendasamtökin eru ekki með þessari skýrslu að taka afstöðu hvort við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Neytendasamtökin vilja hins vegar leggja sitt að mörkum til að fram fari opinská og málefnaleg umræða um kosti og galla slíkrar aðildar og er skýrslan framlag samtakanna til þeirrar umræðu.